

Byrjar á fyrirlestir í boði foreldrafélagsins frá Vöndu Sigurgeirsdóttur um vináttu og samskipti.  
Innskot ritara: Mjög fræðandi og skemmtilegur fyrirlestur.

Mættir 38 (með stjórnarmeðlimum) sem er mjög gott miðað við undanfarin ár.

**Fundarstjóri:** Valdimar Svavarsson

**Ritari:** Aðalbjörg Óladóttir

**Skýrsla stjórnar:**

Kristín Thoroddsen formaður foreldrafélagsins kynnir skýrsluna.

Meðal annars rennt yfir störf foreldrafélagsins.

Eins og hefð er orðin fyrir stóð foreldrafélagið fyrir fræðslufundum fyrir bekkjarfulltrúa, foreldra fyrstu bekkjar, foreldra 8.bekkar og í fyrsta sinn foreldra 5.bekkar.

Aðrir fastir liðir eru páskaþing og jólaþingur.

Foreldrafélagið stóð einni fyrir Viðhalds og hreinsunardegi á skólalóðinni auk þess sem uppskeruhátíð var haldin rétt fyrir skólaslit.

Foreldrafélagið gaf skólanum peningagjöf til kaupa á Numi kubbum sem auðvelda stærðfræðikennslu.

**Skýrsla fulltrúa í skólaráði:**

Margrét Hanna fulltrúi foreldra í Setbergsskóla í skólaráði kynnir skýrslu skólaráðs.

- ATH með að fá afrit af skýrslunni inn í fundargerð.

**Ársreikningur:**

Jóna gjaldkeri foreldrafélagsins kynnir Ársreikning.

22.sep.13 til 21.sep.14

Tekjur samtals: 400.000 kr

Gjöld samtals: 653.790 kr

Niðurstaða (með banka og innheimtukostnaði) – neikvæð uppa 253.790 kr

Eigið fé foreldrafélagsins er 155.502

ATH með að fá afrit af ársreikningi með fundargerð

Umræða um breytingu á innheimtu á gjaldi til foreldrafélagsins:

**Hugmyndir:**

Rukka tvisvar 1.500 í stað einu sinni.

Rukka per barn í stað per heimili.

Hækka gjaldið í 2.000

**Lögð fram tillaga um að rukka tvisvar 1.500 kr í stað einu sinni á vetri.**

**Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**

**Spurningar varðandi skýrslur og umræða:**

Engar spurningar varðandi skýrslur.

Skýrslurnar bornar upp fyrir fundinn – allar samþykktar einróma

**Kosning stjórnar:**

Skipun stjórnar í dag:

Kristín Thoroddsen formaður

Aðalbjörg Óladóttir ritari

Jóna Björgvinsdóttir gjaldkeri

Rósa Pétursdóttir

Benedikt Gröndal

Anna Margrét Tómasdóttir gefur ekki kots á sér til áframhaldandi setu.

Rannveig Hrólfsdóttir býður sig fram til setu í stjórn og er kosin einróma

**Kosning fulltrúa í skólaráð Setbergsskóla:**

Margrét Hanna býður sig fram til áframhaldandi setu

Kristjörg Tinna Ásbjörnsdóttir býður sig fram

Báðar samþykktar sem fulltrúar í skólaráð einróma

Fulltrúar kennara í skólaráði eru:

Hildur Guðmundsdóttir

Ólöf Kristín Einarsdóttir

Fulltrúi annara starfsmanna skólans er:

Ásta Eyjólfsson

**Kosning skoðunarmanns reikninga:**

Einar Ólafsson endurskoðandi kosinn aftur sem skoðunarmaður reikninga.

**Önnur mál:**

Talað um að löng röð sé af börnum í örbylgjuofninn í hádegishléi. Jafnvel upp undir 20 mínútur.

María skólastjóri þakkar fyrir ábendinguna og tekur til athugunar.

Kristín leggur til að skólaráð geri greiningu á því hversu hátt hlutfall barna er í mat og hversu margir hafa verið í mat en hætt.

Kristín talar um að í öðrum skóla á höfuðborgarsvæðinu hafi foreldrum verið markvist boðið að koma og vera inni í bekk.

Fundi lokið með fullskipaða stjórn og tvo fulltrúa í skólaráð.